



Ný gatnamót Hringbrautar og Bústaðavegar.

Færsla Hringbrautar

Í þessu blaði er auglýst útboð á færslu Hringbrautar í Reykjavík. Verkið heitir „Nesbraut (49), færsla Hringbrautar“. Nesbraut er samheiti fyrir Hringbraut, Miklubraut og Vesturlandsveg að Suðurlandsvegi (Hringvegi 1) og hefur vagnúmerið 49.

Verkinu er lýst í meginatriðum í auglýsingu á bls. 5 og teikningar eru á bls. 2-5.


Verkhlutar


- i) Gerð nýrrar Hringbrautar sunnan við gömlu Hringbraut, neðan við Landspítalalóð og BSÍ, ásamt tveimur slaufum og römpum við Bústaðaveg og Miklubraut. Gerð nýrra gatnamóta á mótum Njarðargötu og Hringbrautar ásamt

gerð tenginga vestan við Þorfinnstjörn við gömlu Hringbraut að vestan og tengingu við Miklubraut á mótis við Rauðarárstíg að austan. Lengd nýrrar Hringbrautar er um 1.550 metrar. Gerð nýrrar tengingar milli Hringbrautar og Vatnsmýrarvegjar og milli gömlu Hringbrautar og Vatnsmýrarvegjar er einnig með í verki lengd um 163 m. Landmótun, yfirborðsfrágangur og stígagerð og fleira er einnig með í verki.

Á teikningum á bls. 2-5 má sjá yfirlitsmyndir af verkinu. Við hönnun Hringbrautar hefur verið gert ráð fyrir því að skeljasandur verði notaður sem fyllingarefni í götuna, enda uppfylli hann kröfur útboðsgagna til slíkra efna. Heimilt er einnig að nota skeljasand í aðrar fyllingar á svæðinu með sömu skilyrðum. Vegna þessa hefur verk-

framhald á bls. 6





Auglýsingar útboða



Nesbraut (49),

færsla Hringbrautar 01-017

Vegagerðin og Reykjavíkurborg óska eftir tilboði í færslu Hringbrautar í Reykjavík, frá Rauðarárstíg að Tjörninni (Þorfinnstjörn) og aðlögun við aðliggjandi götur, ásamt breytingum á gömlu Hringbraut og tengingum við hana. Verkið felst í að gera nýja Hringbraut í Reykjavík sunnan við núverandi Hringbraut (hér eftir kölluð gamla Hringbraut), neðan við lóð Landspítalans og BSÍ. Hin nýja Hringbraut verður lögð undir núverandi Bústaðarvegarbrú að austanverðu og tengd nýjum gatnamótum Njarðargötu vestanmegin. Nyrðri akbraut gömlu Hringbrautar verður lögð af og syðri akbraut gerð að tvístefnugötu. Endurgera þarf allar tengingar inn á gömlu Hringbraut. Gera skal hringtorg á mótum Njarðargötu og Sóleyjargötu. Byggð verða undirgöng fyrir gangandi og hjólandi umferð undir Snorrabraut og undir suðvestur rampa og –slaufu. Þá verða byggðar tvær göngubrýr yfir Hringbraut og ein yfir Njarðargötu ásamt göngubrú yfir læk sem tengir Vatnsmýrartjörn og Þorfinnstjörn. Byggðir verða stoðveggir undir og við brú á Bústaðavegi svo og við Miklubraut. Leggja skal lagnir veitustofnana OR og LÍ.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2005.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magntölur vegahluta eru:

Bergskeringar	20.000 m ³
Fylling	140.000 m ³
Neðra burðarlag	35.000 m ³
Efra burðarlag	11.000 m ³
Malbik	115.000 m ²
Kantsteinar	11.000 m
Ofanvatnsræsi	6.000 m

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru:

Mótafletir	7.000 m ²
Steypustyrktarjárn	220 tonn
Spennistál	10.630 kg
Smíðastál	10.000 kg
Steinsteypa	1.770 m ³
Steyptir staurar	171 m

Helstu magntölur Orkuveitunnar eru:

Pípulögn hitaveitu	3.160 m
Vatnslagnir	1.785 m
Strengjalagnir	6.920 m
Ídráttarrör	4.500 m

Helstu magntölur Landsíma Íslands eru:

Rör	10.460 m
Brunnar	15 stk.
Strengir lagðir í skurð	5.230 m
Strengir dregnir í rör	3.570 m

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 2. mars 2004. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 30. mars 2004, og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

BORG RDIN	FJÖLHÖNNUN TILBOÐSSTJÓLA Tilboðsgagna, Lögfræðingur, Vinnustofnanir, Öfl og verk, Almannavæðing, RTB	Færsla Hringbrautar	49-04
		Yfirritstjórn götuna og stíga Allt sviðið	01-017
			01-017





Ný gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu. Einnig má sjá nýja göngubrú.

framhald af forsiðu

- kaupi útvegað lagersvæði út á Granda fyrir lager af upp-
dældum skeljasandi.
- ii) Endurbætur á gömlu Hringbraut frá Njarðargötu austur
fyrir gatnamót Snorrabrautar-Miklubrautar að tengingu
við nýja Hringbraut.
Nyrðri akbraut gömlu Hringbrautar verður lögð af og
syðri akbraut gerð að tvístefnu götu. Endurgera þarf allar
tengingar inn á gömlu Hringbraut. Gera skal hringtorg á
mótum Njarðargötu og Sóleyjargötu. Malbik syðri ak-
brautar gömlu Hringbrautar verður jafnað með fræsingu
akbrautin breikkuð á nokkrum stöðum og nýtt malbik lagt
yfir. Lengd vegarkafila er um 950 metrar. Endurgerð „30
km hliðs“ á Laufásveg er með í verki. Gerð gatna,
Sóleyjagata 27-35/ Hringbraut 8-10 og Miklabraut 1-15 er
með í verkinu. Endurgerð Njarðargötu frá Sóleyjargötu
suður fyrir gatnamót Njarðargötu og nýju Hringbrautar er
einnig með í verkinu ásamt tengingum við Vatnsmýrarveg
og gömlu Hringbraut, lengd vegarkafila um 350 metrar.
Breytingar á Snorrabraut frá gatnamótum Hringbrautar að
Eiríksgötu eru einnig með í verki. Lengd um 150 metrar.
Landmótun, yfirborðsfrágangur og stígagerð við þessar
götur er einnig með í verki.
- iii) Gerð tveggja steinsteypra undirganga. Byggja skal stein-
steypt undirgöng fyrir gangandi og hjólandi umferð undir
suðvestur-rampa og –slafu nýrrar Hringbrautar ásamt
stoðveggjum þar við. Um er að ræða um 19 m löng og um
4-6 metra breið göng úr steinsteypu. Bygging steinsteypts
stoðveggjar milli suðvestur rampa og slafu, um 130 m á
lengd, hæð breytileg, tilheyrir einnig þessu verki.
Byggja skal steinsteypt undirgöng fyrir gangandi og hjól-
andi umferð undir Snorrabraut ásamt stoðveggjum þar
við. Um er að ræða um 25 m löng og um 4-6 metra breið
göng úr steinsteypu.
- iv) Gerð fjögurra steinsteypra göngubrúa. Um er að ræða
tvær göngubrýr yfir Hringbraut og eina yfir Njarðargötu
ásamt göngubrú yfir Vatnsmýrartjörn. Göngubrú á
Hringbraut við Landsspítala G1 er um 85 m löng og um
3,3 m breið eftirspennt plötubrú yfir 5 höf með steypum
endastöplum og millistöplum úr steypufylltum stálsúlum.
Undirstöður eru byggðar á fyllingum.
Göngubrú á Hringbraut við Njarðargötu G2 er um 169 m
löng og um 3,3 m breið eftirspennt plötubrú yfir 8 höf
með steypum endastöplum og millistöplum úr steypu-
fylltum stálsúlum. Undirstöður eru ýmist byggðar á fyll-
ingum eða á steypum staurum.
Göngubrú yfir Njarðargötu G3 er um 76 m löng og um
3,3 m breið eftirspennt plötubrú yfir 4 höf með steypum
endastöplum og millistöplum úr steypufylltum stálsúlum.
Brú yfir Vatnsmýrartjörn er 9 m löng og 4,5 m breið slak-
bennt plötubrú yfir eitt haf. Endastöplar eru úr steinstey-
pu sem eru byggðir á niðurreknum staurum úr stein-
steypu.
- v) Gerð steinsteypra stoðveggja annara en við göng.
Um er að ræða byggingu stoðveggja undir og við Bú-
staðavegsbrú og við Miklubraut samtals um 190 m að
lengd, hæð breytileg.
- vi) Landmótun og yfirborðsfrágangur við og í næsta ná-
grenni við vegi, stíga og göngubrýr ásamt endurgerð
tjarnar við Vatnsmýrartjörn og hluta friðlandsskurða
vestan Njarðargötu. Um er að ræða frágang gömlu Hring-
brautar, Hringbrautar, Snorrabrautar, Njarðargötu, Sól-
eyjargötu, Laufásveg, Vatnsmýrarveg og víðar. Með í
verki er einnig gerð gróðurbeða og útplöntun trjágróðurs
ásamt uppbindingu stærri trjáa.
- vii) Veitustofnanir. Um er að ræða endurgerð lagna og ný-
lagnir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Símans (LÍ).

Lagðar verða nýjar lagnir fyrir OR í Hringbraut, meðal annars hitaveitulagnir frá Bústaðavegi að verkörkum í vestri og vatnslögn einnig frá lokahúsi við Bústaðaveg. Byggja skal lokahús fyrir vatnsveitu ásamt öllum búnaði. Einnig þarf að endurleggja nokkurn fjölda lagna. Þá þarf að leggja rafmagns- og fjarskiptalagnir OR í Hringbraut. Leggja þarf töluvert magn strengja fyrir. Um er að ræða strengi í Hringbraut, Vatnsmýrarveg og Njarðargötu ásamt lögnum við Miklubraut, Eskihlíð og við Bústaðaveg svo nokkuð sé nefnt.

Mikið magn eldri lagna veitustofnana eru á eða við væntanlegt vinnusvæði. Hluta þessara lagna þarf að færa og endurleggja, en hluti þeirra verður áfram í verkinu.

viii) Flugmálastjórn. Um er að ræða gerð undirstaða undir aðflugsljós við enda flugbrautar Reykjavíkurflugvallar. Byggja skal 9 stk. steinsteyptar undirstöður með ídráttarrörum og innsteyptum hlutum. Með í verki er gröftur og jarðvegsskipti utan vegstæðis ásamt lögn ídráttarröra og jarðvírs. Einnig frágangur yfirborðs utan vegstæðis. Fjórar undirstöður eru í vegstæði Njarðargötu og Hringbraut, ein er innan flugvallargirðingar, tvær eru í eða við mön við göngubrú yfir Njarðargötu og tvær eru innan Hljómskálagarðs.

Verktími

Verkinu er skipt upp í 10 verkáfanga sem markast að mestu af fyrirkomulagi umferðar á svæðinu. Heildarverklok verksins eru 15. október 2005.

Mikilvægt er að verktaki hefji efnisöflun m.a. á skeljasandi og öðru efni á fyrstu dögum verksins.

Aðkoma

Á verktíma skal tryggja umferð gangandi um svæðið eftir ákveðnum gönguleiðum og skal verktaki setja upp skilti með korti af gönguleiðunum í stærð A1. Kortin eru mismunandi eftir áföngum og mun verkkaupi leggja þau til.

Allar takmarkanir á umferðarstraumum sem nauðsynlegt er að gera vegna verksins skulu vera með leyfi og í fullu samráði við eftirlit. Verktaki skal tilkynna eftirliti með minnst 14 daga fyrirvara um fyrirhugaðar takmarkanir.

Við tengingu gatna og breytingar á eyjum, þ.m.t. miðeyju, og köntum skal verktaki taka tillit til þeirrar miklu umferðar sem fer um götur, og gæta þess að allar takmarkanir á umferð þar taki sem stystan tíma ásamt því að gæta fyllsta öryggis.

Gæta skal þess að aðkoma sjúkra- og slökkvibíla sé ávallt trygg að vinnusvæðinu og að einstökum húsum einstaklinga og fyrirtækja við gömlu Hringbraut, Snorrabraut, Miklubraut, Sóleyjargötu og víðar í hverjum áfanga, jafnframt því sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sé ávallt sköpuð viðunandi aðkoma að hýbílum sínum. Einnig skal tryggja aðkomu að Landspítala á hverjum tíma. Mikilvægt er að íbúum og öðrum hagsmunaaðilum séu kynntar fyrirhugaðar breytingar á umferð og lokanir í tíma.

Framkvæmdir við Fáskrúðsfjarðargöng



Borun í stafn.



Útsetning ganga með leisergeislum.



Merking fyrir borun.



Gangamenn.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gjúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016 Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	04
04-029 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004	04
04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	04
04-027 Mjóafjarðarferja 2004-2006	04
04-019 Brekkuselsvegur að skíðasvæði Dalvíkur	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-021 Yfirlagnir á Vestfjörðum 2003	04
04-024 Landgræðsla á Vestfjörðum 2004	04
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrúkur 2004-2005	04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Efrbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrúkur - Helluland 2004	04
04-025 Snjómokstur og hálkuvörn í Suðurlandsumdæmi, Hellsheiði, Þrengslavegur og Árborgarhringur	04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	04
03-090 Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-091 Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbýgging 2. áfangi	04
03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-020 Drangsnesvegur (645), Skáruklettanes - Fiskines	23.02.04	09.03.04
01-017 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	01.03.04	30.03.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-098 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	12.01.04	10.02.04
03-100 Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	12.01.04	03.02.04
03-064 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	08.12.03	27.01.04

Auglýsingar útboða

Laugarvatnsvegur (37), brú á Brúará 03-091

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu brúar á Brúará á Laugarvatnsvegi (37). Brúin er 40 m steipt bitabrá í tveimur höfum.


Helstu magntölur eru:

Gröftur:	1.200 m ³
Vegrið:	152 m
Mótafletir:	1.015 m ²
Steypustyrktarjárn:	31 tonn
Spennit járnalögn:	6,8 tonn
Steypa:	409 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 1. mars 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 23. mars 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 23. febrúar 2004. Samtals er búið að sprengja 3.139 m sem gerir 55%.